

302. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 13. NÓVEMBER 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Kirkjuþing 2019
 - a) Mál sem afgreidd voru á kirkjuþingi 2019 og staða annarra mála
 - b) Framhald kirkjuþings 2019 í mars 2020
- 3) Fjármál og fasteignir
 - a) Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 2020 – drög
 - b) Reykhólar – prestsbústaður, staða mála
 - c) Heydalir – nýting jarðarinnar
 - d) Súðavíkursókn - sameiningarmál
- 4) Starfsáætlun kirkjuráðs vegna ársins 2020
- 5) Kirkjutónlistarráð, skipun
- 6) Skálholt
 - a) Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, skipun stjórnar
- 7) Starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs
- 8) Saurbær á Hvalfjarðarströnd
- 9) Önnur mál
 - a) Stefgjöld
 - b) Voli, leiga á jörð
 - c) Dalsgarður, Mosfellsbæ
 - d) Greiðslumark mjólkur í Skáholti
 - e) Framtíðarnefnd kirkjunnar

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, sem sat fundinn í fjarveru Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, séra Guðrún Karls Helgudóttir, formaður allsherjarnefndar kirkjuþings, Steindór Haraldsson, formaður löggjafarnefndar kirkjuþings (á skype) og Skúli Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings, sátu fundinn undir dagskrárlíð 2.

Hilmar Gunnarsson, lögmaður kirkjuráðs, sat fundinn undir dagskrárlíð 9.

Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, kom inn á fundinn undir dagskrárlíð 7.

2. KIRKJUÞING 2019

a) Mál sem afgreidd voru á kirkjuþingi 2019 og staða annarra mála

1. mál. *Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.*

Ályktun kirkjuþings.

1. Kirkjuþing þakkaði fyrir að upplýsinga- og kynningarmál voru tekin föstum tókum eins og kirkjuþing 2018 ályktaði.

2. Kirkjuþing þakkaði skírnarnefnd hennar störf og leggur til að hún haldi áfram vinnu sinni og kynni söfnuðum tillögur sínar.

3. Kirkjuþing áréttaði að farið verði eftir ályktun kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn og ályktun sama þings um að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar.

4. Kirkjuþing hvatti til að hið góða og mikilvæga starf Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verði kynnt betur fyrir söfnuðum landsins.

5. Kirkjuþing minnti á mikilvægi þess að vandað verði til verka við skipulagsbreytingar vegna viðbótarsamnings kirkju og ríkis. Fyllsta samráðs og gagnsæis verði gætt í hvívetna.

Kirkjuráð þakkaði kirkjuþingi góðar ábendingar og mun taka þær til greina.

2. mál. *Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Ályktun kirkjuþings:

Kirkjuþing 2019 samþykkti endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar og Kristnisjóðs fyrir árið 2018.

Fjármálahópur kirkjuráðs hefur til meðferðar undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020.

3. – 14. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

3. mál. Breiðholts-, Fella og Hólaprestaköll, Reykjavíkurrófastsdæmi eystra sameinast í eitt prestakall, Breiðholtsprestakall. Auglýsing um sameininguna var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vefnum: kirkjan.is

4. mál. Ás-, Langholts- og Laugarnesprestaköll, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra, sameinist í eitt prestakall, Laugardalsprestakall. Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

5. mál. Digranes- og Hjallaprestaköll, Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, sameinist í eitt prestakall, Digranes- og Hjallaprestakall. Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020

6. mál. Heiti Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakalls í Vesturlandsrófastsdæmi breytist í Garða- og Saurbæjarprestakall. Auglýsing um breytt heiti prestakallanna var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vefnum: kirkjan.is

7. mál. Flateyjarsókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðarófastsdæmi tilheyri Stykkishólmsprestakalli, Vesturlandsrófastsdæmi. Auglýsing um flutning sóknarinnar milli rófastsdæma var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vefnum: kirkjan.is.

8. mál. Skarðssókn, Breiðafjarðar- og Strandaprestakalli, Vestfjarðarófastsdæmi tilheyri Dalaprestakalli, Vesturlandsrófastsdæmi. Auglýsing um flutning sóknarinnar milli rófastsdæma var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vefnum: kirkjan.is.

9. mál. Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll, Vestfjarðarófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðarprestakall. Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

10. mál. Súðavíkursókn, Vatnsfjarðarsókn og Ögursókn sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Súðavíkursókn. Auglýsing um sameiningu sóknanna var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vefnum: kirkjan.is.

11. mál. Breiðabólstaðar-, Melstaðar-, Skagastrandar- og Þingeyraklaustursprestaköll, Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

12. mál. Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

13. mál. Breiðabólstaðar-, Fellsmúla- og Oddaprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Breiðabólstaðar- og Oddaprestakall.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

14. mál. Selfoss- og Eyrarbakkaprestaköll, Suðurprófastsdæmi, sameinist í eitt prestakall, Árborgarprestakall.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

15. mál. *Þingsályktun um móttun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda.*

Kirkjuþing 2019 samþykkti að skipaður verði þriggja manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda. Biskup Íslands skipi starfshópinn. Nefndin skili tillögum sínum á framhaldsþinginu í mars næstkomandi.

16. mál. *Þingsályktun um að þjóðkirkjan sækji um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.*

Kirkjuþing 2019 samþykkti að beina því til biskups Íslands að sækja, f.h. þjóðkirkjunnar, um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Biskup mun fylgja málinu eftir.

17. mál. *Þingsályktun um Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþingið lagði áherslu á að unnið verði áfram með Jafnréttisstefnuna þannig að tekið verði á jafnrétti á víðari grundvelli en nú er.

Jafnréttisstefnan verður sett á vef kirkjunnar, kirkjan.is. Forseti kirkjuráðs mun fylgja jafnréttisstefnunni eftir hvað varðar skyldur kirkjuráðs, í samráði við jafnréttisnefnd kirkjunnar.

18. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Tillagan laut að hækkun húsaleigu á prestssetrum og fleiru því tengt.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

19. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum.*

Ládst hafði að geta þess í starfsreglum um kirkjuráð að það ætti að skipa Strandarkirkjunefnd.

Kirkjuþing 2019 samþykkti breytinguna á starfsreglunum. Auglýsing um breytingu á starfsreglunum var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22.

nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

20. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Tillagan laut að eftirfarandi atriðum:

a. Tími matsnefndar um hæfni til prestsembættis til skýrslugerðar yrði aukinn um tvær vikur og yrði þá sex vikur.

b. Biskupsstofa greiði kostnað vegna matsnefndar en ekki kirkjumálasjóður.

c. Prófasti yrði heimilt að fara þess á leit við biskup að löglærður ráðgjafi aðstoðaði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sæti undirbúningsfund.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

21. mál. *Þingsályktun um skipun nefndar til endurskoðunar á starfsreglum um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.*

Kirkjuþing samþykkir að skipuð verði þriggja manna nefnd til þess að endurskoða starfsreglur um íslensku þjóðkirkjuna erlendis nr. 1003/2005, með síðari breytingu.

Biskup Íslands, kirkjuráð og utanríkisráðherra tilnefni hver um sig einn nefndarmann. Biskup Íslands skipi nefndina og skal sá sem biskup tilnefnir vera formaður hennar.

Nefndin skili tillögum sínum að breyttum starfsreglum til kirkjuráðs sem leggur þær fram sem tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2020.

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna eftirfarandi tvo aðila sem aðal- og varamann í nefnd um endurskoðun starfsreglna um íslensku þjóðkirkjuna erlendis: séra Sigurð Arnarson og séra Örnun Grétarsdóttur.

22. mál. *Þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar.*

Kirkjuþing ályktar að þegar verði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis.

Úttekt þeirri skal lokið fyrir kirkjuþing haustið 2020. Jafnframt verði í þeirri úttekt hugað að umhverfisvænum virkjunarkostum, þar sem það á við.

Í framhaldinu (haust 2020) verði lögð fyrir kirkjuþing ályktun þar sem þjóðkirkjan skuldbindur sig með verkefnaáætlun til 10 ára hvar skuli ráðast í skógrækt og/eða endurheimt votlendis og skuli verkefninu vera lokið haustið 2030.

Sú tímasetning tekur mið af IPCC-skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018 (sjá <https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.ipcc.ch%2Fsr15%2F&data=02%7C01%7Craghildurbe%40biskup.is%7Cd0a7f32dc4324c90242608d756df6bc8%7Cd1f7c3e185044fbab3d3d55cdeccfe4a%7C1%7C0%7C637073389903184499&sdata=tJtkVHHxVH3155Zw8KFB8SxHXrWhCVSpPW6baa3EtMA%3D&reserved=0>) þar sem fram kemur að jarðarbúar hafi tíu ár til viðsnúnings í loftslagsmálum til að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 1,5 gráður.

Kirkjuráð samþykkti að beina því til umhverfisnefndar þjóðkirkjunnar að hrinda ofangreindri ályktun í framkvæmd.

23. mál. *Tillaga til þingsályktunar um orkuskipti í samgöngum á vegum starfsfólks kirkjunnar.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

24. mál. *Tillaga til þingsályktunar um að lýsa beri viðbragðsástandi í loftslagsmálum.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

25. mál. *Tillaga til þingsályktunar um kolefnisjöfnun ferðalaga á vegum kirkjustjórnarinnar.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

26. mál. *Þingsályktun um úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra.*

Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að gerð verði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru því húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram. Í framhaldi af því verði síðan unnin áætlun um það, hvernig bæta megi aðgengið þar sem því er áfátt. Kirkjuráð skili niðurstöðum þessarar úttektar og áætlunargerðar til kirkjuþings 2020.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignasviði Biskupsstofu að annast um framkvæmd þessarar samþykktar kirkjuþings og kalla til samstarfs þá aðila sem málið varðar í hverju prestakalli.

27. mál. *Tillaga til þingsályktunar um frekari stefnumótun þjóðkirkjunnar.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

28. mál. *Tillaga til þingsályktunar um ferli vegna breytinga á prestakallaskipan í landinu.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

29. mál. *Tillaga til þingsályktunar um gerð sviðsmynda fyrir þjóðkirkjuna.*

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

30. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu.*

Tillagan laut að breytingum á kosningarrétti í tilgreindum tilvikum.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

31. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum.*

Tillagan laut að breytingum á reglum við almennar prestskosningar.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

32. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.*

Tillagan laut að ráðstöfun tekna kirkjumálasjóðs af prestssetursjörðum til heimasóknar allt að 1/10 hluta.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

33. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 333/2017.*

Tillagan laut að afnámi kosningarréttar kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

34. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 1075/2017, með síðari breytingu.*

Tillagan laut að fjölda fulltrúa sem kjósa skyldi til kirkjuþings (brottfall orðanna „eitt nafn að auki“ í 5. mgr. 12. gr. starfsreglnanna).

Önnur umræða málsins fer fram á framhaldsþingi í mars 2020.

35. mál. *Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.*

Kirkjuþing 2019 heimilaði sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi:

Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi.

Vestfjarðaprófastsdæmi:

Hellisbraut 4, Reykhólahreppi.

Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Árnes I

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Skeggjastaðir

Austurlandsprófastsdæmi:

Hamrahlíð 12, Vopnafirði.

Reykjavíkprófastsdæmi vestra:

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

36. mál. *Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.*

Kirkjuþing samþykkti að skyldan til að leggja til prestssetur í neðangreindum prestaköllum myndi falla brott:

Kjalarnesprófastsdæmi:

Mosfellsprestakall.

Útskálaprestakall.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Dalvíkurprestakall.

Laugalandsprestakall.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prestur sem þjónar í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum, við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum og starfsreglum hverju sinni, uns skipunartími hans rennur út eða honum er veitt lausn frá embætti.

Auglýsing um niðurfellingu prestsseturskyldu í viðkomandi prestaköllum var send Stjórnartíðindum 8. nóvember og mun birtast í B-deildinni 22. nóvember 2019 og taka gildi daginn eftir. Starfsreglurnar verða þá uppfærðar á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

37. mál. *Pingsályktun um kaup og sölu fasteigna.*

Kirkjuþing 2019 heimilaði sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Kjalarnesprófastsdæmi:

Útskálaprestakall, Skagabraut 30, Suðurnesjabær.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:

Dalvíkurprestakall, Dalbraut 2, Dalvík.

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2021.

38. mál. *Pingsályktun um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum (einföldun þjóðkirkjulaga).*

Frumvarpið er yfirfarið og prófarkalesið og tilbúið til sendingar til dómsmálaráðherra (ráðherra kirkjumála). Lagt fram til kynningar drög að bréfi forseta kirkjuþings til ráðherra vegna frumvarpsins.

39. mál. *Pingsályktun um breytingu á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.*

Eftirfarandi breyting var gerð á 19. gr. fasteignastefnunnar (auglýsingaskylda vegna útleigu).

Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru eða leigðar ótímabundið eða til lengri tíma en fimm ára, skulu auglýstar til sölu eða leigu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær.

Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala eða leiga fer fram.

Fasteignastefnan var uppfærð 7. nóvember 2019, til samræmis við ofangreinda breytingu, og er þannig komin á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

40. mál. *Pingsályktun um tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing 2019 samþykkti endurskoðaða tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar. Stefnuskjalið verður sett á vefsvæði kirkjunnar, kirkjan.is.

b) Framhald kirkjuþings 2019 í mars 2020

Forseti kirkjuþings reifaði hvernig störfum nefnda kirkjuþings verður háttað þangað til þingið kemur saman á ný föstudaginn 20. mars 2020.

Kirkjuráð mun tilkynna þeim sem í hlut eiga um framangreindar samþykktir og breytingar á starfsreglum.

3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 2020*

Fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020 verður afgreidd á fundi kirkjuráðs í desember.

b) *Reykhólar, prestsbústaður, staða mála*

Lögð var fram endurskoðuð fjárhagsáætlun Verkís vegna viðgerða á prestsbústaðnum á Reykhólum.

Kirkjuráð samþykkti að ráðast í viðgerðir á prestsbústaðnum á Reykhólum í samræmi við uppfærða verk- og fjárhagsáætlun Verkís, sem lögð var fram á fundinum.

c) *Heydalir, nýting jarðarinnar*

Drög að leigusamningi vegna hluta jarðarinnar Heydalir, lögð fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins.

d) *Súðavíkursókn, sameiningarmál*

Kirkjuþing 2016 hvatti til þess að gert yrði átak sem miðaði að því að hvetja sóknir til samstarfs og sameiningar. Kirkjuráð bókaði á fundi sínum 9. maí 2017 að tímabært væri að nýta Jöfnunarsjóð sókna til að létta undir með rekstri sókna, þar sem sameining hefur farið fram eða er fyrirbyggjandi.

Vatnsfjarðar-, Ögur- og Súðavíkursóknir hafa nú sameinast í eina sameinaða Súðavíkursókn.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að taka tillit til þessa við undirbúning afgreiðslu kirkjuráðs á fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar vegna ársins 2020.

4. STARFSÁÆTLUN KIRKJURÁÐS VEGNA ÁRSINS 2020 - DRÖG

Endurskoðuð starfsáætlun kirkjuráðs vegna ársins 2020 lögð fram.

Mánaðarlegir fundir kirkjuráðs verða frá maí 2020 haldnir annan föstudag í mánuði.

Kirkjuráð samþykkti áætlunina.

5. KIRKJUTÓNLISTARRÁÐ - SKIPUN

Kirkjuráð óskaði eftir tilnefningum í kirkjutónlistarráð frá Félagi íslenskra organista (FÍO), Prestafélagi Íslands (PÍ) og biskupi Íslands.

Kirkjuráð samþykkti, í ljósi tilnefninga að skipa eftirtalda aðila sem aðal- og varamenn í kirkjutónlistarráð:

Tilnefnd af Félagi íslenskra organista:

Aðalmaður: Helga Þórdís Guðmundsóttir

Varamaður: Hákon Tumi Leifsson

Tilnefnd af Prestafélagi Íslands:
Aðalmaður: Séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Varamaður: Séra Sigurjón Árni Eyjólfsson

Tilnefndir af biskupi Íslands:
Aðalmaður: Séra Guðmundur Karl Brynjarsson
Varamaður: Guðmundur Sigurðsson

6. SKÁLHOLT

- a) *Verndarsjóður Skálholtsdómkirkju, skipun stjórnar*
 Kirkjuráð samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

7. STARF FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS

Í október sl. samþykkti kirkjuráð starfslokasamning við framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Starfsfólk Biskupsstofu hefur annast um þjónustu við kirkjuráð og fylgt eftir ákvörðunum ráðsins.

- Kirkjuráð samþykkti, að fela Brynju Dögg Guðmundsdóttur Briem, lögfræðingi á Biskupsstofu starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs tímabundið.

8. SAURBÆR Á HVALFJARÐARSTRÖND

Erindi Hjördísar Stefánsdóttur, lögfræðings og eiginkonu fv. sóknarprests í Saurbæ, f.h. sóknarprestsins, dagsett 8. nóvember sl., lagt fram.

Lögmaður kirkjuráðs reifaði stöðu málsins.

- Kirkjuráð samþykkti að fela lögmanni kirkjuráðs að svara erindinu.

9. ÖNNUR MÁL

a) *Stefgjöld*

Kirkjuráð hefur haft málefnið áður til umfjöllunar.

- Kirkjuráð samþykkti að gera samning við Stef, á grundvelli þeirra samningsdraga sem lágu fyrir kirkjuráði á fyrri fundi.

b) *Voli, leiga á jörð*

- Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að skoða málið og gera tillögu að afgreiðslu málsins fyrir næsta fund kirkjuráðs.

c) *Dalsgarður, Mosfellsbæ*

- Kirkjuráð samþykkti að selja ekki jörðina Dalsgarð.

d) Greiðslumark mjólkur í Skálholti

Kirkjuráð samþykkti að undirbúa sölu á greiðslumarki mjólkur í Skálholti.

e) Framtíðarnefnd kirkjunnar

Formaður framtíðarnefndar kirkjunnar, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, varamaður í kirkjuráði, greindi frá vinnu nefndarinnar og því sem framundan er.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:40

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 11. desember nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Stefán Magnússon